**Ed.** **836. Framhaldsnefndarálit** [70. mál]

um frv. til l. um tóbaksvarnir.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Að lokinni frekari athugun á fumvarpinu leggur nefndin til að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 8. gr. 3. töluliður orðist þannig:
   Ekki má selja tóbak í skólum eða stofnunum fyrir börn og unglinga.
2. Við 10. gr. Upphaf greinarinnar orðist þannig: Tóbaksreykingar eru óheimilar:
3. Við 17. gr. 3. töluliður falli brott.
4. Við 18. gr. Greinin orðist þannig:
   Heilbrigðisnefndir og Vinnueftirlit ríkisins fylgjast með því eftir því sem við á að virt séu ákvæði III. kafla laga þessara og skal þá farið skv. ákvæðum laga nr. 50/1981 og l. nr. 46/1980.

Salome Þorkelsdóttir og Árni Johnsen voru fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. maí 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. — Helgi Seljan, fundaskr. — Lárus Jónsson.

Kolbrún Jónsdóttir. — Karl Steinar Guðnason.